



Aðgangskröfur í búfræðináám við Landbúnaðarháskóla Íslands

Nám á búfræðibraut Starfs- og endurmenntunardeildar LbhÍ er sérhæft starfsmenntanáám með námslok á þriðja hæfniprepi. Umsækjandi þarf að hafa lokið þremur til fjórum önnum í framhaldsskóla og vera orðinn 18 ára. Um nemendur sem koma inn gegnum raunfærnimat gilda þær reglur sem raunfærnimatsferillinn innifelur. Einnig er heimilt að taka inn nemendur sem orðnir eru 25 ára gamlir og hafa reynslu úr viðkomandi faggrein en eru ekki með formlega menntun á framhaldsskólastigi.

Umsækjandi þarf að hafa lokið að lágmarki eftirtöldum áföngum í almennum framhaldsskóla (alls 50 fein):

- Íslenska á öðru hæfniprepi, alls 10 fein
- Enska á öðru hæfniprepi, alls 10 fein
- Stærðfræði á öðru hæfniprepi, alls 5 fein
- Danska 5 fein
- Efnafræði – nemendur þurfa að hafa lokið almennri efnafræði á fyrsta hæfniprepi (5 fein) og æskilegt að hafa lokið lífrænni efnafræði.
- Almenn líffræði á fyrsta hæfniprepi 5 fein
- Bókfærsla á fyrsta hæfniprepi 5 fein

Gert er ráð fyrir að nemendur séu vel tölvufærir og hafi góð tök á námstækni.

Æskilegt er að nemandi hafi gilt skyndihjálparskírteini.